

Menning

Menning

Menning

Menning

Myndbreytingar

— um sýningu Ragnildar Stefánsdóttur

Ragnildur Stefánsdóttir heldur nú um þessar mundir skúlptúrsýningu að Kjarvalsstöðum. Sýnir hún alls 25

höggmyndir, unnar í leir. Sýningin er opin daglega frá kl. 14–22 fram til 23. apríl.

Nýr myndhöggvari

Það er ávallt spennandi að sjá unga myndhöggvara brjótast fram og skapa



Ummyndun.

sér svigrúm í samtímanum. A síðastliðnum árunum hafa komið í sviðsljósið hlutfallslega margir myndhöggvarar og Myndhöggvarafélagið stækkar stöðugt. Á sama tíma hefur myndhöggvarahugtakið breyst töluvert, vikkað út og tekur nú jafnvel yfir „óefniskenna skúlptúra“.

Ragnildur Stefánsdóttir, sem sýnir að Kjarvalsstöðum, tilheyrir yngstu myndhöggvarakynslóðinni. Hún hefur hlotið ágætis menntun hér heima og dvalið sumarlangt við Minneapolis College of Art and Design.

Myndbreytingar

Höggmyndir listakonunnar falla flestar undir hefðbundinn skúlptúr. Utgangspunkturinn er oftast nær mannslíkaminn — beinabygging líkamans, sem umbreytt er í annars konar byggingar, án þess þó að slíta sig alfarið frá frumhugmyndinni. En mannslíkaminn er ekki aðeins byggingarefni, heldur einnig sviðsetning og tákn fyrir Tímam með stóru T-i, sem tærir og eyðir uns minningin ein stendur eftir. Verk nr. 11, „Ummyndun“, er gott dæmi um slíkt verk.

Eitt meginþemað sem virðist ganga í gegnum myndverk Ragnildar er „myndbreyting“ í formi og tíma. I

Myndlist


Gunnar B. Kvaran

hverjum listlut er heillandi tvíraði: „Ummyndun“, „Samruni“, „Bein-form“, sem virkjar áhorfandann, en sleppur þó aldrei undan vilja listakonunnar.

Markviss vinnubrögð

Í höggmyndum Ragnildar koma fram markviss vinnubrögð. Hún vinnur vel úr möguleikum mannslíkamans og setur oft hugmyndir sínar fram í ljóðrænum búningi. Tengsl verkanna við fornleifar — Tímam — eru sérlega athyglisverð og virðist listakonan ráða mun betur við lágmyndagerðina heldur en myndir í þri- og fjórvið þar sem myndmálið er helst til of þröngt og kallar á mikla þekkingu og reynslu í myndbyggingu.

Vist er að hér er á ferð listakona með mikla hæfileika og urmúl hugmynda. Hér er um að ræða einn af þessum ungu listamönnum sem ætti að taka út enn meiri listrænan þroska í útlandinu! **GBK**



Búríbúri.

Ljósm. GBK.

Þarftu að selja bíl?

Vantar þig bíl?

**SMÁ-AUGLÝSING Í DV
GETUR LEYST VANDANN.**

SMÁAUGLÝSINGAÐEILD —
PVERHOLTI 11 — SÍMI 27022.

Bílar óskast

DV


Bílar til sölu

Útihurðir — Gluggar

Fullkomin samsetning

Ódýrara, sterkara og mun fallegra

Nýjung
& Íslandi



Þéttigrip



Fúavarið í gegn

Gerum verðtilboð Sendum gegn póstkröfu.

TRÉSMÍÐJAN MOSFELL H.F.

HAMRATÚN I MOSFELLSSVEIT SÍMI 6 66 06

PÁSKAMARKAÐUR

í JL-portinu.

- Öl og gosdrykkir á kassaverði
- Ávaxtamarkaður kassaverð



**PÁSKAEGG Í
ÞÚSUNDATALI Á
MARKAÐSVERÐI**

Opið í kvöld til kl. 19,
miðvikudag til kl. 22,
laugardag fyrir páska frá
kl. 9–16.

Jón Loftsson hf.
Hringbraut 121 Sími 10600

JL husið



**VOR
Í VÍN**

6. — 12. MAÍ

ÁSKRIFENDA FERÐ

3
VALKOSTIR

Flug og bill
frá kr. 9.850,-

DV OG **ATLANTIK**

Fjölskylduhótel kr. 15.900,-
Lúxushótel kr. 18.400,-
Innifalið: Beint flug og gisting — íslensk fararstjórn —
skoðunarferð um Vín og Óperumiði.

ATLANTIK

FERÐASKRIFSTOFA, Iðnaðarhúsinu Hallveigarstig 1. Símar 28388 og 28580